



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS AFHJÚPAR
VERK TIL MINNINGAR UM SJÓMENN Á ÍSLANDSMIÐUM
Í HULL

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson heldur áleiðis til Hull á Englandi á morgun, föstudaginn 23. júní. Þar mun forseti afhjúpa verk til minningar um sjómenn á Íslandsmiðum undanfarnar aldir. Verkið er eftir Steinunni Þórarinsdóttur myndhöggvara. Annað verk sömu ættar verður síðar afhjúpað í Vík í Mýrdal.

Afhjúpunin er liður í hátíðlegri athöfn sem borgaryfirvöld efna til og sem stýrt verður af borgarstjóranum í Hull. Af þessu tilefni verður varðskipið Óðinn í heimsókn í Hull og taka varðskipsmenn þátt í athöfninni.

Forseti mun jafnframt hitta forystumenn þeirra fjölmörgu íslensku fyrirtækja sem starfa í Hull og Grimsby. Þá mun forseti einnig eiga fund með Alan Johnson menntamálaráðherra Bretlands, en hann er jafnframt þingmaður Hull kjördæmis.

22. júní 2006

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).